

Sveitarfélagið Öflus  
b.t. skipulagsfulltrúa  
Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn

Selfoss, 30.3.2021

**Varðar: Þórustaðanáma: Vinnslu-, landmótunar- og frágangaráætlun**

## Vinnsluáætlun

Fyrirhugað er, miðað við reynslu undanfarinna ára, að áætluð efnistaka úr Þórustaðanámu verði 200-400 þús m<sup>3</sup> á hverju ári. Komi til stórfamkvæmdir, eða almennur aukinn kraftur í uppbyggingu á Suðurlandi, má búast við því að allt að 600 þús m<sup>3</sup> verði unnir árlega, jafnvel meira í allra stærstu framkvæmdarárum en erfitt er að spá fyrir um það.

Í umhverfismatinu var fjallað um rúmt efnismagn til að tryggja að alltaf væru öll leyfi til staðar ef upp kæmi sú staða að framkvæmdir kölluðu á mikið efni á skömmum tíma. Það er alls ekki öruggt að það efnismagn sem var til umfjöllunar í umhverfismatinu klárast á þeim tímaramma (fram til 2050) og í raun er það fremur ólíklegt. Náman mun því að öllum líkindum endast mun lengur en til 2050.

Náman er unnin þannig að hún er brotin niður að framan og smám saman færast hún innar í fjallið. Það er því verið að byrja „fremst“ og vinna sig „aftar“ og inn í fjallið. Þannig minnkar sýnileikinn sem hraðast, því innar í fjallinu sem efnistakan er, af því minna svæði sést hún.

## Landmótunaráætlun

Í umsögn Umhverfisstofnunar um námuna segir eftirfarandi:

*„Umhverfisstofnun telur að þegar séu komi fram umtalsverð umhverfisáhrif vegna efnistöknar þá sérstaklega vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa. Úr því sem komið er telur Umhverfisstofnun skásta kostinn að halda efnistöku áfram á þegar röskuðu svæði, en ítrekar að leggja ætti megin áherslu á að draga eins og kostur er úr frekar raski á hlíðum fjallsins á vinnslutímanum jafnframt því að líta til lokafrágangs námunnar.“*

Í samræmi við þessa umsögn, og umhverfismat námunnar, verður því ekkert efni tekið austan eða vestan við það svæði sem nú þegar er búið að raska. Óraskaðar hlíðar Ingólfsfjalls verða áfram óraskaðar. Þess í stað mun náman stækka inn í fjallið.

Náman verður mótuð þannig að hún myndi geil í hlíðina, sambærilega og sjá má í Djúpadal, austan við námuna. Með þessu myndast útlínur og form sem að eiga tengingu við nánasta umhverfi og falla inn í fjallshlíðina. Til að láta hlíðina ekki líta út fyrir að vera of menngerða verður gætt að því að hafa brúnir ekki of hvassar og hlíðar ekki of sléttar heldur grófar og náttúrulegar.

Farið verður jafnóðum í landmótun og frágang þegar komið er út í jaðra námunnar.

## Frágangaráætlun

Ráðist verður í endanlegan frágang þegar efnistöku lýkur. Námusvæðið sjálf er mikið raskað og lítið sem ekkert er um yfirborðsgróður. Utan við allra næsta nágrenni er svæðið á láglandi almennt graslandi og vaxið lágvöxnum gróðri. Efnivinnsluvæðið verður aðlagað að núverandi landi og gengið frá yfirborði í samræmi við umhverfið í kring. Gert er ráð fyrir að náman verði unnin í vinnslufláa 1:1 niður í botn námunnar, þ.e. fyrir hvern meter frá jaðri að miðju efnistökusvæðisins er grafið einn meter niður. Að vinnslu lokinni væri þá eftir V-laga geil í fjallinu með hlíðar í sambærilegum halla og aðliggjandi hlíðar

beggja vegna við námuna. Um er að ræða sambærilega vinnsluaðferð og notast er við í stærri námum hérlandis, s.s. Lambafellsnámu, Vatnsskarðsnámu og Stapafelli. Á svæðinu er að finna laust yfirborðsefni sem nota skal við frágang að svo miklu leyti sem hægt er. Forðast skal að hafa skarpar línur við frágang. Fjallsrætur Ingólfsfjalls í nágrenni námunnar eru fremur ójafnar og því er ekki nauðsynlegt að jafna svæðið við frágang. Nánar upplýsingar um mögulegt útlit námunnar að framkvæmdum loknum má sjá í kafla 4.3 í meðfylgjandi matsskýrslu um landslag um ásýnd.

Við gerð vinnslu- og frágangsaætlunar verður ritið „Námur- efnistaka og frágangur“ ([www.namur.is](http://www.namur.is)) og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem fjallar um framkvæmdaleyfi, höfð til hliðsjónar.



**Mynd 1** Líkanmynd af Þórustaðanámu eins og hún mun vonandi líta út að framkvæmdum loknum. Ætlunin er að hallinn á hlíðinni verði sambærilegur og í Djúpadal (til hægri á myndinni). Hlíðin mun svo veðrast og fá náttúrulegt útlit með tíð og tíma. Raskað svæði sem sést stækkar lítið sem ekkert frá núverandi ástandi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Fossvéla ehf.

---

Magnús Ólason